



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/1298*  
*komudagur 24.2.2003*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Iðnaðarnefnd Alþingis  
b.t. Elíнар V. Þorsteinsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. febrúar 2003

Sam 053/2003 PS/sp  
Tilv.: 215,0

### **Efni: Frumvarp til raforkulaga og frumvörp til breytinga á ýmsum lögum á raforkusviði**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. febrúar, var lagt fram bréf iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 5. febrúar 2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til raforkulaga, 462. mál og frumvörp til breytinga á ýmsum lögum á raforkusviði, 463. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til raforkulaga og frumvörp til breytinga á ýmsum lögum á raforkusviði



# Umsögn

## Sambands íslenskra sveitarfélaga

### Umsögn um frumvarp til raforkulaga og frumvörp til breytinga á ýmsum lögum á raforkusviði.

Stjórn sambandsins gerir ekki efnislegar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins en leggst gegn því að frumvarið verði afgreitt áður en niðurstaða er fengin varðandi fjármögnun félagslega hluta raforkukerfisins. Jafnframt er eftirfarandi komið á framfæri:

- Frumvarpið gerir ráð fyrir innleiðingu á raforkumarkaðskerfi sem sniðið er að stærri þjóðríkjum í Evrópu sem búa við allt aðrar aðstæður en til staðar eru hér á landi. Hérlandis er raforkumarkaðurinn örsmár og sala raforkunnar fer að langstærstum hluta til stóriðjufyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum. Virk samkeppni á raforkumarkaðinum verður því afar takmörkuð.
- Í frumvarpinu er gert ráð fyrir uppstokkun í raforkugeiranum svo sem uppskiptingu rekstrarþátta og bókhalds og einnig auknu eftirliti með raforkufyrirtækjum sem leiða mun til aukins kostnaðar. Líkur eru til að þeim kostnaði verði velt yfir á notendur og raforkuverð hækkir verði frumvarpið lögfest.
- Líklegast er að samkeppni um raforkusölu beinist helst að stærri notendum og sá kostnaðarauki sem frumvarpið felur í sér leggist fyrst og fremst á raforkuverð til heimila í landinu.
- Áður en frumvarpið verður afgreitt er nauðsynlegt að leita leiða til að breyta þeim ákvæðum þess sem leiða munu til aukins kostnaðar raforkufyrirtækjanna.
- Jafnframt verður að leggja áherslu á að framkvæmd væntanlegra raforkulaga leiði til þess að raforkukerfið verði skilvirkt og þjóni öllum landsmönnum með öruggum hætti.
- Sérstaklega þarf að leita leiða til þess að raforkuverð hækkir ekki frá því sem nú er. Þvert á móti verði á næstu árum unnið að lækkun raforkuverðs að raungildi um tvö til þrjú prósent á ári eins og fram kemur í samkomulagi eigenda Landsvirkjunar frá árinu 1997.
- Mikilvægt er að orkufyrirtæki í landinu verði áfram undanþegin greiðslu tekjuskatts til ríkisins eins og verið hefur, til að koma í veg fyrir hækkun raforkuverðs af þeim sökum.



- Gerð er athugasemd við það að í frumvarpinu er ekki komist að niðurstöðu um fjármögnun félagslega hluta raforkukerfisins en það hlutverk falið sérstakri nefnd til úrlausnar. Óviðunandi er að afgreiða frumvarpið án þess að niðurstaða í því máli liggi fyrir.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 21. febrúar 2003.

---

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri